



Gátlisti þula á hestaíþróttamótum

Pulurinn er rödd mótsins og mót getur staðið eða fallið með þul. Góður þulur getur gert upplifun keppenda, áhorfenda og starfsmanna jákvæða og ánægjulega, en að sama skapi getur slakur þulur skapað þirring hjá þeim sem hlusta og í versta falli skemmt fyrir keppendum með lélegum eða röngum leiðbeiningum og stjórnun. Það er því gríðarlega mikilvægt að þulir móta séu valdir af kostgæfni.

Góður þulur þarf að hafa góða og þýða rödd, hafa góða þekkingu á lögum og reglum keppinnar og vera fær um að taka þá ábyrgð sem ætlast er til af þuli. Pulur þarf að hafa mjög gott vald á íslenskri tungu og vera fær um að beygja nöfn hesta og manna á réttan hátt. Í því sambandi er mikilvægt að þulur lesi yfir ráslista mótsins og undirbúi sig þannig fyrir þularstörfun framundan.

Þetta skjal er hugsað til leiðbeiningar fyrir þuli, að þeir þekki sínar skyldur og sína ábyrgð og einnig að mótshaldarar eigi auðveldara með að velja réttu manneskjuna í starf þular.

Pulur ber ábyrð á að halda dagskrá, þannig að hann þarf að láta keppnina ganga vel fyrir sig, að keppendur yfirgefi völlinn eins fljótt og þeir geta og að næsti hópur/keppandi komi á réttum tíma í braut.

Pulur skal tala skýrt og rólega og koma öllum nauðsynlegum upplýsingum til skila. Að því sögðu er mikilvægt að þulur láti ekki upplýsingar ótengdar keppninni, trufla keppendur í braut. Best er ef hægt er að koma þannig upplýsingum til skila á milli greina. Stöðugt mas getur verið yfirþyrmandi.

Mikilvægt: þulur skal alltaf einbeita sér að keppninni og því sem er að gerast í brautinni.

Pulur þarf að þekkja lög og reglur mjög vel og lesa upp reglur þeirrar keppnisgreinar áður en hún hefst.

1. Fyrir upphaf hverrar keppnisgreinar skal þulur:

- Setja sig í samband við yfirdómara.
- Setja sig í samband við mótsstjóra.
- Lesi fyrirkomulag greinarinnar sem er að byrja.
- Undirbúa FIPO klukkuna áður en keppnisgrein hefst.
- Kynna fyrirkomulag keppnisgreinarinnar sem er að hefjast. Gera ráð fyrir að ekki þekki allir áhorfendur keppnisfyrirkomulagið.
- Kynna dómara, yfirdómara og aðra starfsmenn mótsins ef nauðsyn þykir.

2. Á meðan keppninni stendur skal þulur:

- Kynna alla keppendur og hesta þeirra af virðingu og nota fullt nafn þeirra.
- Halda ró sinni, sérstaklega ef eitthvað óvænt kemur uppá.
- Þakka keppendum fyrir sýningar þeirra og kynna næsta/næstu keppendur.
- Aðeins tala á meðan sýningu stendur ef það er nauðsynlegt og þá aðeins koma nauðsynlegum upplýsingum á framfæri.
- Alltaf** nota FIPO klukkuna þegar fleiri en einn keppandi er í braut til að vera viss um að allir fái nægan tíma án þess að það sé of mikið fyrir hestana.¹
- Stýra keppendum þannig að þeir láti hesta sína feta á meðan einkunnir eru lesnar upp. Það er í reglum og er með velferð hestsins í huga. Ef einhver keppandi er ekki á feti, skal stöðva lestur einkunna og áréttu regluna. Keppendur mega jafna bilin sjálfir á vellinum, ef þeir trufla ekki aðra.
- Gæta þess að gott bil sé á milli keppanda áður en hann biður um næsta atriði.



- h. Gæta þess að í greinum þar sem fleiri en einn keppandi er inná vellinum í einu, byrji þeir ekki næsta dómsatriði fyrr en þulur biður um það. Ef það gerist, skal þulur biðja þá að halda áfram á feti og biðja svo um næsta atriði þegar allir eru tilbúnir. Samkvæmt lögum og reglum skal þulur stjórna keppninni.

3. Eftir að keppnisgrein lýkur skal þulur:

- a. Þakka keppendum fyrir þátttökuna.
- b. Kynna staðfestar niðurstöður frá tölvufólki. Þegar tímar eru kynntir (t.d. í skeiði), skal taka fram að yfirdómari þarf að staðfesta alla tíma. Fram að því eru upplestir tímar aðeins til bráðabirgða.
- c. Kynna næsta dagskrárlið.

4. Ef eitthvað óvænt kemur upp:

- a. Ekki að kynna eða lýsa því sem er í gangi, án staðfestingar frá yfirdómara eða mótstjóra.
- b. Hafa strax samband við yfirdómara eða mótstjóra.
- c. Kynna atburðinn/uppákomuna á yfirvegaðan hátt.

Þulur verður að þekkja sín takmörk, þ.e. að vera upplýsandi fyrir áhorfendur án þess að taka stöðu dómara. Þulur skal ávallt vera hlutlaus gagnvart einkunnum og sýningum keppanda og ekki tala sérstaklega um einstaka sýningar.

Þegar fleiri en einn keppandi er í braut...

- Gæta þess að bil milli keppanda séu góð.
- Gæta þess að keppendur láti hesta sína feta á yfirvegaðan hátt.
- Skal ekki leyfa keppendum að stöðva í brautinni, ríða í bauga eða byrja næsta dómsatriði áður en þulur biður um það.

• Áður en næsta dómsatriði byrjar...

- Hafa FIPO klukkuna tilbúna.
- Gæta þess að gott bil sé á milli keppenda í braut.
- Gæta þess að allir keppendur séu á feti áður en þeir eru beðnir um að sýna næsta dómatriði.
- **Þulur skal ekki hika við að bíða með næsta dómsatriði ef keppendur eru ekki tilbúnir, eru til dæmis ekki allir á feti.**

• Þulur skal alltaf...

- Einbeita sér að keppninni.
- Vera vinalegur og upplýsandi.
- Forðast að láta skoðanir í ljós varðandi sýningar/frammistöðu keppenda.
- Biðja keppendur að láta hestana feta þegar FIPO klukkan rennur út.
- Gæta þess að ofstjórna ekki keppendum en gera þeim þó fulla grein fyrir lögum og reglum.

¹ FIPO klukkan er til í smáforriti sem hægt er að sækja í Appstore. Klukkan telur niður þann tíma sem sýning hverrar gangtegunar skal taka í tiltekinni keppnisgrein, í forkeppni eða úrslitum, miðað við gefinn fjölda keppenda á velli. Klukkan gefur til kynna með hljóði hvað tímanum líður og þannig eru allir með á nótunum hversu mikið er eftir af hverju dómsatriði.